



Námsáætlun

FATA1ss05 miðönn 2020-2021

Kennari: Íris Bjarnadóttir

Lýsing

Nemendur læra að taka líkamsmál og lesa úr máltöflum. Lögð er áhersla á að þekkja helstu sniðhluta og gera einfaldar sniðbreytingar. Kennt er að leggja snið rétt á efni og reikna út efnispörf. Saumaðar eru einfaldar flíkur. Farið er í hin ýmsu fagheiti, notkun á saumavélum, ýmsar gerðir af efnum. Kynnt er notkun á tölvum í tengslum við upplýsingaöflun, uppsetningu þemasjaldra og tískuteikninga auk flatra vinnuteikninga. Lögð er áhersla á að nemendur skilji vinnuferlið frá hugmynd að fullunninni flík og skili skissubók ásamt vinnuskýrslu, auk þess að temja sér vönduð vinnubrögð við alla þætti ferilsins.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugmyndaöflun og skissuvinnu, tískuteikningum og flötum vinnuteikningum
- hvernig líkamsmál eru tekin og gerður samanburður við stærðartöflur
- orðaforða greinarinnar til að geta notað skýringarmyndir og vinnulýsingar
- aðlögun grunnsniða að eigin líkamsmálum
- uppbyggingu grunnsniða, heitum og útliti ólíkra sniðhluta
- einföldum sniðbreytingum út frá eigin hugmyndum
- hvernig efnispörf er reiknuð út frá sniðum
- hvernig sniðhlutar eru lagðir á efni eftir þráðréttu og saumför og aðrar merkingar teiknuð inn á efnið
- grunnatriðum í saumtækni með þrúfusaumi og saumi á einföldum flíkum
- helstu notkunarmöguleikum saumavéla og annarra tækja sem tilheyra saumum
- vinnuferlinu frá hugmynd að fullunninni flík

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skissa og teikna tískuteikningar og flatar vinnuteikningar
- taka líkamsmál og skilja stærðartöflur
- nota orðaforða greinarinnar við notkun vinnulýsinga
- útfæra einföld snið út frá grunnsniðum eftir eigin hönnunarteikningum
- geta raðað sniðhlutum á efni
- geta teiknað saumför, falda og aðrar merkingar áður en sniðið er og sauma einfaldar flíkur og saumtækniþrúfur
- nota saumavélar og þekki notagildi stillinga, saumavélaþóta og saumavélanála
- gera vinnuferlinu skil í texta og teikningum m.a. með notkun tölvu
- temja sér vönduð vinnubrögð við alla þætti vinnunnar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skissa hugmyndir og vinna út frá þeim tískuteikningar og flatar vinnuteikningar sem er metið með verkefnum
- lesa út úr stærðartöflum sem er metið með verkefnum
- aðlaga grunnsnið að mældum líkamsmálum sem er metið með verkefnum
- nota grunnsnið til að vinna einfaldar sniðbreytingar út frá eigin hönnunarteikningum sauma einfaldar flíkur sem er metið með verkefnum
- meta og nota viðeigandi stillingar á saumavélum sem og fætur og saumavélanálar eftir efnum og saumtækniatriðum sem er metið með verkefnum
- gera vinnuferlinu frá hugmynd að fullunninni flík skipulega skil í vinnuskýrslu með teikningum og texta sem er metið með verkefnum



- nota tölvur við upplýsingaöflun, uppsetningu teikninga og vinnuskýrslna sem er metið með verkefnum
- geti nota orðaforða greinarinnar til að útskýra ferlið í samræðum og í rituðum texta sem er metið með verkefnum og munnlegri framsögn
- temja sér vandvirkni við alla þætti ferilsins sem er metið með verkefnum

Kennslugögn: Fagbækur um sniðagerð, tískusíður á netinu og ljósrit frá kennara.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 16.-20. nóv.	Kynning á áfanganum Saumavélar Skissubækur Grunnsnið Bolaverkefni Þemaspjöld og skissubækur Tískuteikning	Stillingar, saumavélaferur, nálar o.fl. Kynning á skissubókarverkefnum Skoða grunnsnið, máltöflur og taka persónuleg mál Gera hugmyndaspjald Teikna og hanna 4 bol og gera tískuteikningu fyrir einn bol. Hanna mynd til að prenta á bol.	
02. 23.-27. nóv.	Bolaverkefni	Vinnuteikning Sniðagerð	Úrsagnareindagi 27. nóv.
03. 30. nóv.-4. des.	Bolaverkefni	Sauma bol	
04. 7.-11. des.	Bolaverkefni	Prenta á bol	
05. 14.-18. des.	Bolaverkefni	15. des – Skila bolaverkefni <ul style="list-style-type: none">• Bolur• Hugmyndaspjald• Skissur• Tískuteikning• Snið	Miðannamat Námsmatsdagar 17. og 18. des.
06. 4.-8. jan.	Buxnaverkefni	Gera hugmyndaspjald. Skissa 15 buxnahugmyndir.	
07. 11.-15. jan.	Buxnaverkefni		
08. 18.-22. jan.	Buxnaverkefni		Námsmatsdagur 20. jan.
09. 25.-28. jan.	Buxnaverkefni		Imbra 27.-28. jan. Frí 29. jan.
10. 1.-5. feb.	Buxnaverkefni	26. jan – Skila buxnaverkefni <ul style="list-style-type: none">• Buxur• Snið• Skissubók• Hugmyndaspjald• Skissur• Tískuteikning	
11. 8.-11. feb.	Ganga frá verkefnum annarinnar.		

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á námsáætlun.

Námsmat:

25% - Bolaverkefni

35% - Buxnaverkefni



- 15% - Skissubók
- 10% - Ferilmappa
- 15% - Vinnulag og ástundun

Áfanginn er símatsáfangi þar sem vinna nemenda er metin jafnt og þétt og með verkefnum sem hafa skiladag.

Mæting er mikilvæg í þessum áfanga, ef nemandi missir úr tíma verður hann að vinna það upp sjálfur.

Það sem horft er til við námsmat er m.a:

Áhugi á verkefnum og frumkvæði.

Áræðni í verkefnavali og skipulagning vinnu.

Sniðagerð: að farið sé að tilmælum og verkefni rétt og snyrtilega unninn.

Saumaverkefni rétt og snyrtilega unninn.

Ferilmappa sé vel upp sett og öll verkefni séu rétt þannig að hún gagnist sem uppsláttarþók við áframhaldandi vinnu/nám við hönnun.

Skissubók sýni persónulega framför og tilraunir með hugmyndir.

87% Raunmæting

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.